

Nd.

279. Nefndarálit

[156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. er að meginhluta til um að framlengja hækkun á þessu gjaldi um 6 prósentustig sem lögð voru á haustið 1979 af ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Hér er um að ræða 10—11 milljarða kr. skattaálögur á almenning á næsta ári.

Sjálfstæðisflokkurinn var andvígur þeim sköttum, sem lagðir voru á þjóðina haustið 1979 af vinstri stjórninni og núverandi stjórn heldur áfram að leggja á þjóðina.

Við erum andvígur þessu frv. og leggjum til að það verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1980.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Albert Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen.